

Föstudaginn 24. nóvember 1995.

Nr. 20/1995.

Vinnuveitendasamband Íslands f.h.

Vinnuveitendafélags Vestfjarða

(Ragnar Árnason cand. jur.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f.h.

Verkamannasambands Íslands

vegna Verkalýðsfélagsins Baldurs

(Björn L. Bergsson hdl.)

Uppsögn kjarasamnings. Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Úrskurðinn kveða upp Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 22. þ.m. vegna frávísunarkröfu stefnda, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu útgefni 3. þ.m. og þingfestri 7. þ.m.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Vinnuveitendafélags Vestfjarða, kt. 700269-0279, Engjavegi 14, Ísafirði.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219 Skipholti 50c, Reykjavík vegna Verkalýðsfélagsins Baldurs, kt. 490272-4299, Pólgötu 2, Ísafirði.

Dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Verkalýðsfélagsins Baldurs á kjarasamningi félagsins og Vinnuveitendafélags Vestfjarða frá 4. apríl 1995 sé ógild.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til þrautavara að stefndi verði sýknaður að svo stöddu.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati

dómsins og að tillit verði tekið til virðisaukaskatts af dæmdum málskostnaði.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrskurðar.

Málavextir.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að gerður hafi verið kjarasamningur við Verkalýðsfélagið Baldur á Ísafirði 4. apríl 1995. Með þeim samningi hafi Verkalýðsfélagið Baldur gerst aðili að kjarasamningi Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995. Samningurinn hafi framlengt alla síðast gildandi kjarasamninga aðila til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í samningi Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995.

Hinn 21. febrúar hafi verið undirritaðir kjarasamningar við 5 landssambönd Alþýðusambands Íslands og hafi samningarnir verið til ársloka 1996. Í samningunum hafi verið samhljóða ákvæði um forsendur samninga og endurskoðun þeirra. Forsendurnar hafi þar verið tæmandi taldar. Annars vegar er vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í 17 liðum og hins vegar á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild yrði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu yrði tryggður. Þá hafi samningsaðilar ákveðið að á samningstímabilinu skyldi starfa sérstök launanefnd á sama hátt og í undangengnum samningum, sem skipuð væri þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ og þremur fulltrúum vinnuveitenda. Ákveðið hafi verið að hlutverk launanefndar væri m.a. að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjist á hverjum tíma. Samningurinn geti orðið uppsegjanlegur á samningstímabilinu ef launanefnd komist að þeirri niðurstöðu að marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum. Við þær aðstæður væri hvorum aðila launanefndar fyrir sig heimilt að segja samningnum lausum. Komi til uppsagnar falli samningar úr gildi 31. desember 1995.

Í öllum samningum sem Vinnuveitendasambandið hafi gert við stéttarfélag í framhaldi af febrúarsamningunum séu efnislega sömu ákvæði og í febrúarsamningunum um efnahagslegar forsendur og launanefnd, þ.e. samsvarandi ákvæði og í 16. og 17. gr. kjarasamnings Verkamannasambandsins. Á almenna vinnumarkaðnum hafi því verið samið um eina launanefnd fyrir allan vinnumarkaðinn.

Hér sé um sama fyrirkomulag að ræða og t.d. í kjarasamningunum 1990 og 1993. Þær launanefndir hafi tekið ákvarðanir um endurmat og uppsögn kjarasamninga fyrir öll stéttarfélög, bæði innan sem utan ASÍ.

Verkalýðsfélagið Baldur hafi ekki tekið þátt í samningagerðinni 21. febrúar 1995. Samningar tókust milli Verkalýðsfélagsins Baldurs og Vinnuveitendafélags Vestfjarða 4. apríl 1995. Skv. 1. gr. samningsins hafi Verkalýðsfélagið Baldur gerst aðili að kjarasamningi Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 með nánar tilgreindum viðbótum. Þau ákvæði hafi þó ekki snert ákvæði samningsins frá 21. febrúar um gildistíma, samningsforsendur og launanefnd. Því gildi ákvæði samningsins frá 21. febrúar um þau atriði.

Með bréfi Verkalýðsfélagsins Baldurs dags. 16. október 1995 hafi félagið sagt upp öllum kjarasamningum félagsins við vinnuveitendur. Þar komi fram það mat félagsins að grundvöllur sá sem samningar aðila hafi byggst á sé brostinn, launajöfnunarstefnan hafi beðið skipbrot og aðgerðir stjórnvalda séu ekki í takt við samninggerðina. Fylgt hafi fundarsamþykktir félagsfunda þann 12. og 14. október 1995 þar sem almennt sé vísað til óánægju með þróun efnahags- og kjaramála.

Þar sem stefndi, Verkalýðsfélagið Baldur, hafi ekki virt þær leikreglur sem kveðið sé á um í 17. gr. kjarasamnings og séu nauðsynlegur undanfari uppsagnar samninga sé uppsögnin ógild. Nauðsynlegt sé að fá það staðfest með dómi, svo að starf launanefndar geti gengið með eðlilegum hætti og í samræmi við ákvæði samninga

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Í máli þessu, sem stefnandi tjáir höfðað á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, byggir hann kröfugerð sína á því, að stefndi, Verkalýðsfélagið Baldur, sem er innan Verkamannasambands Íslands, hafi með samningi við Vinnuveitendafélag Vestfjarða þann 4. apríl 1995, gerst aðili að kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 með forsendum og fyrirvörum 16. og 17. greinar samningsins. Uppsögn Verkalýðsfélagsins Baldurs á samningnum sé ekki í samræmi við ákvæði 17. gr. þess samnings og því ólögmæt.

Kjarasamningi Verkamannasambandsins hafi verið ætlað að gilda til 31. desember 1996 og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Settur hafi verið öryggisventill í samninginn ef marktæk frávik yrðu

á forsendum hans sem séu tilgreindar með tæmandi hætti. Venja sé fyrir því að tekið sé fram með skýrum hætti í kjarasamningum hvaða aðstæður gætu leitt til uppsagna eða breytinga á samningum, enda sé það nauðsynlegt. Af eðli kjarasamninga leiði að gildistími þeirra þurfi að vera ljós og hvort og þá með hvaða skilyrðum þeim verði sagt upp. Launanefnd ASÍ og vinnuveitenda hafi með kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og öðrum þeim samningum sem gerðir voru í febrúar verið falið að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og skera úr um hvort ástæða væri til uppsagnar samninga. Launanefndin skyldi gera tillögur til samtaka launþega og vinnuveitenda og stjórnvalda með það að markmiði að samningsforsendur héldu svo ekki þyrfti að koma til uppsagnar samninga. Launanefndin skyldi koma saman og reyna til þrautar að komast að samkomulagi innbyrðis og við stjórnvöld um aðgerðir í efnahags- atvinnu- og verðlagsmálum. Fyrst eftir að launanefnd hafi skilað álitu sínu væri tilefni til ákvörðunar um uppsagnir samninga. Þá geti hvor aðili launanefndar, ef samningsforsendur verði taldar brostnar, sagt upp samningum. Það sé hins vegar ekki á færi einstakra stéttarféлага að segja upp samningum. Aðilar að kjarasamningi Verkamannasambandsins hafi verið þrír, Vinnuveitendasamband Íslands, Vinnumálasambandið og Verkamannasamband Íslands vegna aðildarféлага. Það séu hins vegar aðeins tveir aðilar sem sagt geti upp samningunum. Þetta komi glögglega fram í 17. gr. samningsins þar sem segir: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum. . .“. Hér geti aðeins verið átt við hvorn hluta launanefndar. Þetta hafi verið sameiginlegur skilningur Vinnuveitendasambandsins og landssambanda ASÍ. Hér sé um sama fyrirkomulag að ræða og í kjarasamningunum 1990 og 1993. Einni launanefnd sé falið vald til að meta hvort forsendur hafi staðist, hlutast til um aðgerðir til að stuðla að því marki og jafnframt að segja samningum lausum ef marktæk frávik hafi í raun orðið frá hinum samningsbundnu forsendum.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda fyrir frávisunarkröfu.

Frávisunarkrafan er studd eftirfarandi rökum:

Dómskjal nr. 13 hafi að geyma gildandi kjarasamninga Verkalýðsfélagsins Baldurs, Verkalýðs- og sjómannafélags Álftfirðinga, Verkalýðsfélags Patreksfjarðar og Verkalýðsfélags Hólmavíkur annars vegar og Vinnuveitendafélags Vestfjarða og Vinnumálasam-

bandsins hins vegar. Á bls. 72 gefi að líta ákvæði greinar 25.1. sem framlengd var úr fyrri kjarasamningum. Þar segi:

Rísi ágreiningur milli samningsaðila, skal sá aðili, er telur sig órétti beittan, bera fram kvörtun við stjórn hins aðilans. Skulu þær rannsaka ágreiningsatriðin og ráða þeim til lykta, ef unnt er. Hafi stjórnir beggja aðila eigi komið sér saman um endanlega lausn ágreiningsins innan tveggja sólarhringa frá því kvörtunin var sett fram, ber þegar að skjóta málinu til sáttanefndar, er sé þannig skipuð, að hvor aðili tilnefni einn mann og annan til vara, viðkomandi bæjarfógeti (sýslumaður) þann þriðja, og skulu þessir menn þá reyna að jafna deiluatriðin. Skal nefndin hafa lokið störfum innan tveggja sólarhringa frá því að þriðji maður var skipaður.

Stefndi, Verkalýðsfélagið Baldur, telji að stefnandi hafi sniðgengið umrætt ákvæði með þeim hætti að valda eigi frávisun frá Félagssdómi. Samkvæmt samningsákvæðinu hvíli sú algera skylda á samningsaðilum að reyna sættir í ágreiningsmálum innan kjarasamningsins. Í stað þess að fara þá leið hafi stefnanda legið svo á í málinu, að stefnda hafi ekki gefist nokkur kostur á að jafna ágreininginn með einum eða öðrum hætti. Eins og fram kemur á dskj. nr. 6, svari Vinnuveitendasamband Íslands stefnda hinn 30. október s.l. eða tæpum hálfum mánuði eftir að bréfið á dskj. nr. 5 er ritað. Í niðurlagi bréfs stefnanda á dskj. nr. 6 sé skorað á stefnda að draga uppsögnina til baka en að öðrum kosti verði leitað til Félagssdóms. Ódagotið hafi hins vegar verið slíkt að stefna í málinu er gefin út hinn 3. nóvember eða tveim dögum eftir að stefnda, Verkalýðsfélaginu Baldri, barst bréfið, sbr. svarbréf Verkalýðsfélagsins frá 8. nóvember sl. Stefndi telur að samkvæmt framangreindu ákvæði í kjarasamningi aðila hafi verið skylt að vísa ágreiningnum til umsaminnar sáttanefndar áður en mál verði höfðað. Ákvæði greinar 25.1 sé hluti af kjarasamningi aðila og þar af leiðandi verði að telja að rétt og eðlilegt sé að skýra ákvæðið svo að það eigi við um þann ágreining í skiptum samningsaðila, sem eigi rót sína að rekja til samningsins sjálfs, svo sem ágreinings um gildi hans eða framkvæmd. Þar sem það hafi ekki verið gert, beri að vísa málinu frá.

Í stefnu sé staðhæft að stefndi, Verkalýðsfélagið Baldur, hafi gerst aðili að kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands. Jafnframt sé staðhæft að með því hafi

stefndi afsalað til launanevndar réttinum til að nýta sér uppsagnarheimild kjarasamningsins.

Hvort tveggja sé rangt. Hið rétta sé, að stefndi og þrjú önnur nafngreind stéttarfélög á Vestfjörðum hafi í samningi sínum við Vinnuveitendafélag Vestfjarða gert samning Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands að sínum, að svo miklu leyti sem ekki væri á annan veg samið í sérsamningum Vestfirðinga, bæði þeim sem áður giltu og í greindum samningi sem gerður var 4. apríl 1995. Með því að taka upp samskonar samningsákvæði og í kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands og Verkamannasambands Íslands hafi stefndi ásamt hinum þremur stéttarfélagunum gengið inn í þann rétt sem landssamböndum Alþýðusambands Íslands var veittur samkvæmt 17. gr. þess samnings. Að vera „aðili“ sem heimilt er að segja samningnum lausum með minnst mánaðar fyrirvara.

Þessi rangi málátilbúnaður stefnanda feli í sér ótvíræðan formgalla og leiði að mati stefnda til þess að vísa ber máli þessu frá dómi. Ef taka ætti efnislega á málátilbúnaði stefnanda, hefði það óhjákvæmilega í för með sér að hagsmunum þeirra verkalýðsfélaga sem sömdu með Verkalýðsfélaginu Baldri væri raskað án þess að þeim hafi verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna eða koma sínum sjónarmiðum að fyrir dóminum, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938. Breyti í þessu sambandi engu þótt stefnendur hafi gætt formskilyrða 45. gr. laga nr. 80/1938 um að stefna Alþýðusambandi Íslands og Verkamannasambandi Íslands. Þeim tveimur aðilum sé einungis stefnt vegna Verkalýðsfélagsins Baldurs. Málátilbúnaður stefnanda feli í sér kröfu um að viðurkennt sé að þessum fjórum verkalýðsfélögum sé óheimilt að ráða þeim hagsmunum sem felast í lögbundnu hlutverki þeirra, sbr. 3. gr. laga nr. 80/1938, þ.e. ráða málefnum sínum sjálf. Stefnukrafan feli í raun í sér sviptingu réttþæfis hvers félags hvað þetta snertir án þess að þremur af þeim félögum sem þessu eiga að sæta hafi verið stefnt til að þola þá niðurstöðu.

Á dskj. nr. 5 gefi að líta bréf stefnda, dags. 16. október s.l., þar sem tilkynnt sé að félagsfundur stefnda hafi samþykkt samhljóða að segja upp öllum kjarasamningum félagsins við vinnuveitendur.

Eins og glöggst megí sjá sé uppsögn þessi ekki komin til framkvæmda. Skjalið feli enda ekki í sér neina bindandi ákvöð, heldur

hafi einungis að geyma viljayfirlýsingu og ósk um viðræður. Skilyrðum 17. gr. kjarasamningsins á dskj. nr. 3, sem stefndi hafi gert að sínum með kjarasamningnum á dskj. nr. 4, fyrir fullgildri uppsögn sé ekki fullnægt í nefndu bréfi. Þau skilyrði séu tvönn, annars vegar að niðurstaða launaneftndar liggi fyrir og að segja eigi kjarasamningnum upp með minnst mánaðar fyrirvara, þ.e. fyrir 1. desember n.k. Hvorugt þessara skilyrða sé fyrir hendi. „Eindagi“ uppsagnar, ef svo megi að orði komast, sé ekki kominn og niðurstaða launaneftndar liggi ekki fyrir. Í þessu sambandi sé mikilvægast að ekkert sé frá því greint á dskj. nr. 5 frá hvaða tíma uppsögnin eigi að taka gildi. Skilningur stefnda, Verkalýðsfélagsins Baldurs, liggi hins vegar ljós fyrir í bréfinu frá 8. nóvember s.l., en þar samþykki stjórn félagsins að fresta því að taka afstöðu til áskorunar Vinnuveitendasambands Íslands um að draga uppsögn kjarasamninga félagsins til baka þar til niðurstaða launaneftndar liggi fyrir.

Ljóst sé að launaneftndin verði að hafa lokið athugun sinni fyrir 30. nóvember n.k. Þannig að svigrúm gefist til uppsagnar á samningnum með samningsbundnum fyrirvara ef um marktæk frávik sé að ræða frá samningsforsendum samkvæmt 16. gr. Samningsaðilar hafi með sama hætti frest til 30. nóvember n.k. til að afturkalla uppsagnir ef launaneftnd komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið um slík frávik að ræða.

Í þessu sambandi er því sérstaklega mótmælt sem haldið er fram í stefnu að nauðsyn beri til að fá úr gildi uppsagnar stefnda skorið „ . . . svo starf launaneftndar geti gengið með eðlilegum hætti . . . “. Verksvið launaneftndar lúti að engu leyti að hinni umdeildu uppsögn og sé því þessum rökum fyrir málshöfðuninni vísað á bug sem fráleitum.

Málshöfðun þessi, á meðan launaneftnd hafi ekki lokið athugun sinni, feli í sér frumhlaup af hálfu stefnanda. Það sé fyrst þann 1. desember n.k. ef launaneftnd komist að þeirri niðurstöðu að kjarasamningar séu ekki uppsegjanlegir sem á lögmæti uppsagnar stefnda reyni, ef hann myndi ekki draga hana til baka. Málssókn þessi feli þannig í raun í sér að verið sé að leggja þá lögspurningu, í andstöðu við 25. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, fyrir Félagisdóm hvort stefndi hafi uppsagnarheimild skv. kjarasamningnum án þess að lögformleg uppsögn liggi fyrir og án þess að eiginlegur réttarágreiningur sé orðinn í málinu.

Niðurstæða.

Það er ágreiningslaust með aðilum, að tilvitnuð grein 25.1 í kjarasamningi er hluti af gildandi kjarasamningi þeirra. Samkvæmt henni er aðilum skylt að skjóta ágreiningi sín á milli til sérstakrar sáttanefndar. Það hefur ekki verið gert.

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfuna voru aðilar sammála um, að sambærilegt ákvæði hafi verið í kjarasamningum a.m.k. frá árinu 1949, samt hafi slík sáttanefnd aldrei verið skipuð og aðilar kjarasamninga muni aldrei hafi óskað eftir slíkri skipan. Með vísan til þessa og þeirrar staðreyndar að stefndi bar ekki þetta samningsákvæði fyrir sig, fyrr en í greinargerð sinni til dómsins, þykir ákvæðið ekki girða fyrir að stefnandi geti borið ágreining aðila undir Félagsdóm.

Stefndi tilkynnti stefnanda uppsögn sína á kjarasamningi sínum við stefnanda með bréfi dags. 16. október sl. Önnur verkalýðsfélög, sem aðild áttu að þeim samningi, hafa ekki sagt honum upp. Hver sem úrslit máls þessa verða í Félagsdómi eru kjarasamningar þeirra áfram í gildi. Því er ekki hægt að líta svo á, að þau félög hafi þá hagsmuni af niðurstöðu í þessu máli að jafna megi til samaðildar í merkingu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Ekki er útilokað, að stefnandi hafi af því lögvarða hagsmuni að skorið sé úr um það hvort áðurgreind uppsögn verkalýðsfélagsins Baldurs á kjarasamningi félagsins og Vinnveitendafélags Vestfjarða sé gild eða ógild, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, og verður því ekki á það fallist með stefnda að hér sé verið að óska álits dómsins um lögfræðilegt álitæfni, sbr. 1. mgr. tilvitnaðrar lagagreinar.

Með vísan til framanritaðs er ekki fallist á frávísunarkröfu stefnda.

Ákvörðun um málskostnað bíður efnisdóms í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Frávísunarkröfu stefnda er hrundið.
